

### Samtök iðnaðarins

Samtök iðnaðarins eru ekki gömul samtök enda þótt þau standi á gömlum merg. Þau verða 10 ára á þessu ári og í morgun var 10. Iðnþing okkar sett. Því er við hæfi að staldra aðeins við, líta um öxl, meta hvað hefur áunnist og hvað er framundan. Það gildir um Samtökin sjálf en ekki síður um iðnaðinn og atvinnulíf okkar Íslendinga.

Starf Samtakanna hefur verið farsælt og vel hefur tekist að sinna fjölbreyttum og oft á tíðum gerólíkum þörfum og óskum félagsmanna. Hafa ber í huga að innan raða Samtaka iðnaðarins eru 26 fagfélög og 275 fyrirtæki með beina aðild, samtals 1.150 rekstraraðilar. Félagsmennirnir koma úr öllum greinum iðnaðarins, frá handverki til stóriðju, frá þeim smæstu til hinna stærstu.

### Þróttmikið starf

Frá upphafi hafa Samtök iðnaðarins lagt áherslu á að virkja félagsmenn við stefnumótun og stjórn Samtakanna. Á hverju ári er því kosið í leynilegri póstköskningu um formann, stjórn og hluta ráðgjafaráðs. Stefnumótunarfundir hafa verið haldnir reglulega og afrakstur þeirra hefur verið leiðarljós okkar í starfinu en jafnframt því hefur opinber birting stefnu Samtakanna leitt til þess að enginn þarf að fara í grafgötur um helstu stefnumál þeirra.

Í viðhorfskönnun, sem Gallup gerði fyrir Samtök iðnaðarins í síðasta mánuði meðal félagsmanna, kom fram að þeir eru sáttir við málflutning okkar og þjónustu. 85% eru sátt við málflutning Samtaka iðnaðarins og 81% eru ánægð með þjónustuna.



Ekki er hægt annað en fagna útkomu sem þessari í svo stórum samtökum sem okkar. Við teljum að úr þessu megi lesa að félagsmennirnir séu sammála okkur um að vel hafi verið að verki staðið fyrsta áratuginn og þetta er okkur mikil hvatning til að halda áfram á sömu braut. Fyrir hönd stjórnar Samtaka iðnaðarins færi ég framkvæmdastjóra og starfsfólki bestu þakkir fyrir vel unnin störf á liðnu starfsári, sem og liðinna ára. Þau eiga fyrst og fremst heiðurinn af þessari sterku stöðu Samtakanna.

### Evrópumálin

Allt frá upphafi hafa Samtök iðnaðarins látið sig Evrópumálin miklu skipta, ekki síður en fyrirrennarar þeirra. Þeir studdu eindregið aðild Íslands að EFTA og fríverslunarsamninginn við EBE á sínum tíma, þrátt fyrir að ljóst væri að með þeim samningum væri verið að setja iðnaðinn einan í samkeppni. Iðnaðurinn studdi kröftuglega aðild Íslands að EES-samningnum og svo skemmtilega vill til að sá

samningur tók gildi á sama tíma og Samtök iðnaðarins hófu formlega starfsemi þann 1. janúar 1994.

Það er algjörlega óumdeilt að EES – samningurinn var mikið heillaspor fyrir Íslendinga og hefur leitt af sér, beint og óbeint, mestu og bestu breytingar á starfsskilyrðum íslensks atvinnulífs. Við störfum að mestu á opnum og frjálsum markaði Evrópuþjóða þar sem er frjálst flæði vöru, þjónustu, fjármagns og fólks á milli landa. Á þeim markaði má ekki miklu muna í samkeppnisstöðunni svo að ekki fari illa.

### **Stefnumótun**

Stöðugleiki er það sem við þurfum umfram allt að tryggja iðnaðinum, og raunar öllu atvinnulífi. Við höfum litið svo á að til þess að tryggja stöðugleika og sambærileg vaxtakjör við það sem gerist í samkeppnislöndum okkar sé brýnt að Ísland verði fullgildur aðili að Evrópumarkaðinum og þar sé mikilvægast að taka upp evruna. Um þetta sagði í ályktun síðasta Iðnbings:

Samtök iðnaðarins hafa mótað sér þá stefnu að rétt sé að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Rökin eru fyrst og fremst efnahagsleg og lúta að starfsskilyrðum fyrirtækja á Íslandi og lífskjörum almennings.


Þessu var síðan fylgt eftir á sameiginlegum stefnumótunarfundi stjórnar SI, ráðgjafaráðs og stjórnna allra aðildarfélaga í maí á síðastliðnu ári. Þar voru fundarmenn sammála um að meðal fimm mikilvægustu stefnumála okkar væri að sækja um aðild að ESB og að taka upp evruna. Reyndar var upptaka evrunnar talin mikilvægust af öllu.

### **Ný könnun**

Í morgun voru kynntar niðurstöður viðhorfskönnunar sem Gallup gerði fyrir Samtök iðnaðarins um Evrópumálin og þær eru um margt forvitnilegar.

Könnunin tók til félagsmanna Samtaka iðnaðarins og voru 500 af 1.150 félagsmönnum í úrtaki könnunarinnar. Þegar eingöngu er litið til þeirra sem taka afstöðu kemur fram að þegar spurt var að því hvort félagsmenn væru hlynntir eða andvígir aðild að ESB sögðust 43% hlynntir en 57% andvígir. Segja má að hér hafi orðið endaskipti frá því í ágúst árið 2000 þegar Gallup spurði félagsmenn sömu spurningar. Þá sögðust 59% hlynntir aðild en 41% andvígir.

Áfram var spurt og þá sögðust 78% félagsmanna okkar hlynnt því að taka upp aðildarviðræður við ESB en 22% andvíg. 57% telja aðild að ESB hagstæða fyrir íslenskan efnahag í heild en 43% telja hana óhagstæða. 66% telja aðild hagstæða fyrir sitt fyrirtæki en 34% óhagstæða. 65% félagsmanna sögðust hlynnt því að taka upp evru en 35% andvíg. Gallup spurði líka hvort félagsmenn væru sáttir við málflutning okkar í Evrópumálum. 69% kváðust sátt við hann en 31% ósátt.



Þegar litið er nánar á þessar niðurstöður má sjá að meirihlutinn vill taka upp aðildarviðræður, telur aðild hagstæða fyrir efnahag Íslands og hagstæða fyrir sitt fyrirtæki. Hann vill taka upp evru og er sáttur við málflutning Samtaka iðnaðarins í Evrópumálunum. Þrátt fyrir þetta er meirihluti á móti aðild þegar könnunin er gerð. Eðlilegt er að velta því fyrir hverju þetta sæti.

Mér sýnist greinilegt að hin efnahagslegu rök, sem við höfum haldið á lofti í málinu, eigi góðan hljómgrunn meðal félagsmanna og þeir vilja taka upp aðildarviðræður. Hins vegar virðast einhverjir aðrir þættir valda því að þrátt fyrir þetta eru fleiri, á þessu stigi, andvígir aðild. Mér dettur helst í hug að óbilgjarnar fjárkröfur ESB í tengslum við stækkun EES, staða heimsfélanna og augljós þvingingur Frakka og Þjóðverja vegna breyttra valdahlutfalla í ESB í kjölfar stækkunar sambandsins, auki andstöðu við aðild. Þá má auðvitað ekki gleyma því að forsætisráðherra hefur á síðasta ári hert mjög á andstöðu sinni við aðild að ESB og talað tæpitungulaust.

### **Evrópumálin ein þau mikilvægustu**

Ég er ekki talsmaður þess að skipta um skoðun og stefnu eftir því sem vindurinn blæs í skoðanakönnunum. Niðurstaða mín er sú, að stjórn og ráðgjafaráð verði að skoða þessi mál sérstaklega á næsta stefnumótunarfundi sínum í vor. Við teljum ákaflega mikilvægt að þekkja vel hug félagsmanna okkar í Evrópumálum sem eru án nokkurs vafa meðal þeirra stærstu og mikilvægustu sem við stöndum frammi fyrir á næstu misserum og árum. Þess vegna höfum við látið gera þessar kannanir og birt þær opinberlega og munum gera það áfram.

### **Umbreyting atvinnulífsins**

Stundum er eins og við áttum okkur ekki á því hversu mjög efnahagslíf okkar hefur breyst. Atvinnulífið hefur tekið stakkaskiptum og upp hafa risið öflug fyrirtæki, mörg hver í greinum sem ekki hefðu þótt líklegar til árangurs fyrir einum eða tveimur áratugum. Þrátt fyrir þetta virðist brenna við, að ráðamenn þjóðarinnar og jafnvel þeir, sem atvinnu hafa af því að kynna land og þjóð, séu enn fastir í fortíðinni. Þeir tala enn um atvinnulífið eins og það var en ekki eins og það er. Það er sama hvort maður heyrir þingmenn halda ræður eða lítur í skólábækur barnanna, lýsingin á því við hvað við störfum og á hverju við lifum er ekki í samræmi við raunveruleikann. Lífið er ekki lengur eingöngu saltfiskur.

### Tregða til breytinga

Framsýni og framtíðarsýn mættu skipa hærri sess í þjóðfélagi okkar. Það er öllum nauðsynlegt að vita hvert þeir ætla og ákveða síðan hvernig þeir ætla að komast þangað. Það kann aldrei góðri lukku að stýra að láta reka á reiðanum. Þrátt fyrir að við Íslendingar virðumst oft nýjungagjarnir og furðu fljótir að taka upp nýja tækni, siði og háttu þá erum við jafnframt treg til þess að feta nýjar leiðir eða leiðir sem aðrar þjóðir hafa fundið út að séu heppilegar. Nefna má af handahófi mörg dæmi þar sem við höfum dregið lappirnar vegna þess að við trúum því eða er talin trú um að íslenska þjóðin sé allt öðruvísi en aðrar þjóðir og þess vegna geti okkur ekki hentað það sama og þeim. Nægir hér að nefna upptöku virðisaukaskatts, frelsi í fjárfestingum, notkun greiðslukorta, hafnamál og EES-samninginn. Það skondnasta er þó, að þegar upp er staðið og við höfum loks látið til skarar skriða, botnar enginn í því af hverju ekki var löngu búið að þessu.

### Forgangsröðun

Samtök iðnaðarins hafa löngum hvatt til þess að arðsemi sé höfð að leiðarljósi þegar ráðist er í opinberar framkvæmdir.

Kostnaður við ný Siglufjarðargöng er talinn verða 6-8 milljarðar króna. Það svarar til þess að göngin kosti fjórar til fimm milljónir króna á hvern íbúa Siglufjarðar. Kostnaðinn má líka setja í annað samhengi, t.d. við ráðstöfunarfé Tæknisjóðs Rannís sem hefur veitt verkefnisstyrki til hagnýtra rannsókna og fjármögnunar sprotafyrirtækja. Tæknisjóður hefur haft um 200 milljónir til ráðstöfunar á hverju ári undanfarin ár. Það fé, sem varið verður til Siglufjarðaganganna, hefði dugað Tæknisjóði í 30 - 40 ár.

Á þetta er minnst hér til þess að benda á að fara verður varlega við ráðstöfun opinbers fjár og reyna að beina því í þann farveg þar sem það verður til hagsbóta fyrir landslýð allan, og stuðlar að vexti og framþróun atvinnulífsins. Þetta er sérstaklega mikilvægt að hafa í huga þessi misserin þegar við stöndum frammi fyrir mestu framkvæmdum Íslandssögunnar og höfum náð mikilvægum áföngum í einkavæðingu með sölu ríkisbankanna. Á sama tíma skortir tilfinnanlega fé til vísinda-, tæknipróunar- og nýsköpunarstarfs í landinu.

### Tekjur af einkavæðingu til nýsköpunar

Það er þurrð á fjármagni eftir erfiðleika á hlutafjármörkuðum síðustu misserin og fjárfestar halda að sér höndum. Einmitt þá er brýnt að hið opinbera láti myndarlega til sín taka. Ég rifja upp að fyrir rúmum tíu árum, þegar þáverandi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks hafði á þrjónum einkavæðingu ríkisfyrirtækja, markaði hún sér þá stefnu að tuttugu til tuttugu og fimm prósent af söluandvirði ríkisfyrirtækja, sem yrðu einkavædd, rynnu til rannsókn- og þróunarverkefna í þágu atvinnulífsins og til sköpunar nýrra atvinnutækifæra. Því miður varð minna úr einkavæðingunni á þessum tíma en vonir stóðu til. Hitt er þó verra að þessi skynsamlegu áform um að beina til rannsókn- og þróunarverkefna verulegum hluta þess fjár, sem fæst við einkavæðingu, virðist einhvern veginn hafa gleymst eftir að einkavæðingin komst loks á skrið.

### Verðum að búa í haginn

Um síðustu áramót tóku gildi lög um Vísinda- og tækniráð þar sem meðal annars er gert ráð fyrir starfrækslu tveggja sjóða, Rannsóknasjóðs og Tæknipróunarsjóðs. Við í iðnaðinum höfum af því miklar áhyggjur að þessum sjóðum verði ekki verði tryggt nægilegt fjármagn, sérstaklega Tæknipróunarsjóðs. Hann, ásamt Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, á að vera meginuppspretta fjármagns til nýsköpunar - og þróunarstarfs íslenskra fyrirtækja. Nýsköpunarsjóður hefur, ekki frekar en aðrir, farið varhluta af hremmingum á fjármagnsmarkaði og er nú svo komið að stjórn sjóðsins hefur ákveðið að sinna engum nýjum verkefnum á næstunni. Þetta ástand er algjörlega óviðunandi.

Ég skora á stjórnvöld að grípa til aðgerða þegar í stað og veita fé til Tæknipróunarsjóðs og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Með því er horft til framtíðar og búið í haginn fyrir atvinnulíf sem verður að vera fært um að vera uppspretta atvinnu og hagsældar þegar framkvæmdaaldan sem nú er byrjuð að rísa hnígur aftur.

### **Sambærileg löggjöf**

Samtök iðnaðarins hafa alltaf talið að einn af helstu kostum EES – samningsins sé sá að með honum fengum við löggjöf í takt við það sem tíðkast í öðrum Evrópulöndum. Samkeppnislöggjöf er einmitt gott dæmi um þetta. Því er ekki að leyna að á undanförunum árum hefur ýmislegt á þessu sviði valdið okkur vonbrigðum. Vitað er og viðurkennt að ný samkeppnislög breyta því ekki að íslenski markaðurinn er smár og fákeppni og jafnvel einokun einkennir hann á mörgum sviðum. Nefna má alkunn dæmi eins og flutninga, olúsölu, tryggingar og bankastarfsemi.

### **Samkeppni - sama hvað hún kostar**

Hitt er verra að samkeppnisyfirvöld virðast stundum líta svo á að það sé þeirra hlutverk að tryggja sem lægst vöruverð til skamms tíma en að þeim komi lítið við þó að erlendir keppinautar beiti íslensk fyrirtæki bolabrogðum. Þau geta bara séð um sig sjálf. Þetta birtist m.a. í því að óátalið selja erlendir aðilar framleiðslu sína til Íslands langt undir kostnaðarverði og langt undir því verði sem þau selja á heimamarkaði. Við höfum séð norskan sælgætisframleiðanda og danskan sementsframleiðanda stunda slík undirboð án þess að samkeppnisyfirvöld hafi séð ástæðu til að skerast í leikinn þrátt fyrir kærur og klögumál. Má vera að hér eimi eftir af fyrra lífi Samkeppnisstofnunar sem áður hafði með höndum verðlagseftirlit, þar sem baráttan við verðhækkunar var upphaf og endir starfsins. Önnur skýring er sú að hefðbundin vinnubrögð og leikreglur á stærri mörkuðum eigi ekki við á hinum örsmáa íslenska markaði. Sú baktrygging að geta vísað málum af þessu tagi til Eftirlitsstofnunar EFTA í Brussel virðist heldur ekki koma að neinu gagni því að þar á bæ sjá menn heldur ekki hvaða hættu steðjar að íslenskum iðnfyrirtækjum ef stórfyrirtæki fá óátalið að undirbjóða hér á markaði með þeirri afleiðingu að innlendri framleiðslu er rutt út af markaði.

### **Tökum mið af eigin þörfum**

Samkeppnislög Evrópuríkja eru alls ekki samræmd. Við eigum að nýta það svigrúm sem við höfum til að sníða íslenska löggjöf að eigin þörfum á þessu sviði sem öðrum. Markaður okkar er smár og fyrirtækin fá og smá í samkeppni við mun stærri fyrirtæki. Íslensk löggjöf á að taka mið af þessu. Það er lífsseigur en hættulegur misskilningur að okkur Íslendingum og íslenskum fyrirtækjum komi best að búa við einhverjar allt aðrar leikreglur en aðrar þjóðir. Á hinn bóginn hættir okkur svo til að líta á Evrópureglurnar eins og ofsatrúarmenn líta á trúarrit. Þar megi engu hnika til og eigin hagsmunir látnir víkja fyrir bókstafsréttum þýðingum. Eins og svo oft áður sveiflumst við þarna öfganna á milli.

### **Samræmdar reglur um opinber innkaup**

Á þessum sama vettvangi, fyrir réttum tveim árum, gerði ég að umræðuefni þörfina fyrir samræmdar reglur um opinber innkaup sveitarfélaga. Því er ánægjulegt að segja frá því að Reykjavíkurborg, stærsta sveitarfélag landsins, hefur nú sett sér reglur sem eru mjög svipaðar þeim reglum sem bundnar hafa verið í lög og ná til ríkisstofnana og fyrirtækja. Formaður sambands sveitarfélaga lýsti, nýlega yfir á fundi á vegum Samtakanna, stuðningi við þá stefnu að reglur um opinber útboð nái til allra sveitarfélaga enda sýnir reynslan að þess er full þörf.

### **Dæmi um klúður**

Við sama tækifæri fjallaði ég einnig um útboð á viðgerð tveggja varðskipa. Um þetta sagði ég þá orðrétt: „Við eigum mjög erfitt með að skilja hvaða tilgangi það þjónar að gefa sér forsendur á borð þær að sigling skipanna hefjist við miðlínu milli




Íslands og Færeyja en ekki í heimahöfn og að þeim sé siglt á hálfum hraða til að spara olíu. Allt er þetta gert til þess að reikna verkefnin úr landi. Og viti menn! Það tókst með svona kúntum að reikna það út að ódýrast væri að láta gera við skipin í Póllandi þótt eðlilegar forsendur hefðu leitt til annarrar niðurstöðu. Samtök iðnaðarins hafa ásamt Félagi járníðnaðarmanna beðið dómsmálaráðuneytið um hlutlausa rannsókn á þessu máli en því miður verður ekki orðið við þeirri beiðni. Eftir stendur sú skoðun okkar að þeim opinberu starfsmönnum, sem þarna voru að verki, ætti að víkja úr starfi og það án tafar. Við vitum ekki hvaða hagsmunum þeir þjóna en það eru ekki hagsmunir þeirra sem greiða þeim laun en það eru íslenskir skattgreiðendur."

### Ábyrgð verði öxluð

Nú nýlega gerði Hjálmar Árnason, formaður iðnaðarnefndar Alþingis, fyrirspurn til dómsmálaráðherra um það hver hefði orðið raunverulegur kostnaður við umræddar viðgerðir á varðskipunum í Póllandi. Tilboðsfjárhæðirnar voru annars vegar 30,7 millj.kr. en hins vegar 30,4 millj.kr. Niðurstaðan varð hins vegar sú að með gengistapi og viðbótarverkum varð kostnaður við annað skipið 48,8 millj.kr. (59% umfram tilboðsverð) en kostnaður við hitt skipið varð 57,6 millj.kr. (89% umfram tilboðsverð). Því er reyndar við að bæta að inn í þessar tölur virðist vanta kostnað vegna ferða og upphalds í Póllandi.

### Viðgerðir varðskipa í Póllandi - milljónir króna - Tilboð - raunverulegur kostnaður



Þessar tölur sýna og sanna það, sem við sögðum fyrir tveimur árum, að útboðsgögnin voru ónýtt og illa var að útboðinu staðið á allan hátt. Ég vil ítreka þá skoðun mína að vinnubrögð af þessu tagi við opinber útboð eru vítaverð og fyrri yfirlýsingar mínar um þá sem svona vinna eru í fullu gildi.

### Gætum hófs

Stjórnámálamenn eru velflestir vel meinandi og í þeirra hópi eru hugsjónamenn sem vilja bæta kjör þeirra sem minna mega sín. Gallinn er bara sá að þess sjást of mörg dæmi að aðgerðir, sem ætlað er að hjálpa þeim sem standa höllum fæti, snúast upp í andhverfu sína. Lög um lágmarkslaun ýta út af vinnumarkaði þeim sem þar standa höllum fæti. Reglur, sem ætlað er að torvelda uppsagnir og tryggja rétt launþega, valda því að atvinnurekendur vilja ekki ráða fólk. Háar

atvinnuleysisbætur fæla fólk víða í Evrópu frá því að leita sér að atvinnu. Það er rausnarlegt og vel meint að bæta rétt til fæðingarorlofs. Stjórnámamennirnir berja sér á brjóst og senda reikninginn lóðbeint til atvinnulífsins. - Stjórnámamenn þurfa að átta sig á því að verðmætasköpunin á sér stað í fyrirtækjunum og á þau er ekki hægt að hlaða nýjum álögum takmarkalaust. Þá verður burðarklárinn staður og sligast að lokum.

Við þurfum ekki að leita langt til að finna víti til varnaðar í þessum efnunum. Ósveigjanlegar reglur á vinnumarkaði eru að lama þýskan iðnað. Menn horfðu lengi í forundran á sænska velferðarkerfið. Áratugum saman virtist sænskur iðnaður geta haldið samkeppnishæfni sinni og mætt álögum og skattahækkunum með tækniframförum, en svo fór að lokum að sænskur iðnaður bugaðist undan þessu þunga kerfi. Svíar eru ekki lengur í hópi ríkustu þjóða heims. Svíar og aðrir nágrennar okkar á Norðurlöndunum eru að reyna að vinda ofan af fokedýru velferðarkerfi sem þrengir að atvinnulífni.

### **Varðveitum sveigjanlegan vinnumarkað**

Á hinn bóginn megum við ekki gleyma því að með EES-samningnum og sumpart að eigin frumkvæði búum við Íslendingar nú við starfsskilyrði sem á margan hátt eru sambærileg þeim sem keppinautarnir búa við og á sumum sviðum betri en víða annars staðar, sérstaklega á sviði skattamála. Við þurfum að varðveita það forskot sem við höfum á ýmsum sviðum, t.d. varðandi sveigjanlegan vinnumarkað því það virðist nánast ógerningur að leiðrétta mistök á því sviði.

### **Stöðugleikatímabil**

Síðasti áratugur er lengsta stöðugleikatímabili í sögu íslenska lýðveldisins. Á þessum árum hafa iðnaður og aðrar samkeppnisgreinar blómstrað og stóraukið hlutdeild sína í landsframleiðslunni. Hagvöxtur hefur verið hér umtalsverður en það, sem tíðindum sætir, er að þessi hagvöxtur kom ekki úr hafinu í formi aukins afla eða verðhækkana á fiskmörkuðum erlendis. Þetta er ánægjulegt og ber vitni um að atvinnulíf okkar er smám saman að verða þróaðra og tæknivæddara. Hér ber þó þann skugga á að hagvöxtur undanfarinna ára var að hluta byggður á sandi eða öllu heldur tekinn að láni erlendis. Við kunnum ekki fótum okkar forráð. Launahækkarnir hafa ár eftir ár verið umfram framleiðniþróun. Heimilin hafa, þrátt fyrir mikla kaupmáttaraukningu, eytt meira en þau hafa aflað og hafa safnað skuldum í góðærinu. Afleiðingarnar eru gamalkunnar: Viðskiptahalli og síðan gengisfall íslensku krónunnar. Sem betur fer tókst að hafa hemil á verðbólgunni í kjölfar þessara sviptinga og útflutningsgreinarnar virtust vera að ná sér á strik. Aukinn útflutningur og batnandi afkoma á síðasta ári gaf tilefni til bjartsýni.

### **Undarlegt ástand**

Gengi íslensku krónunnar var og er hins vegar ekki í neinu jafnvægi. Það hækkaði umtalsvert á ný á síðasta ári en að meðaltali yfir árið má telja að það hafi verið nálægt því að vera það sem þarf til þess að viðskipti okkar við önnur lönd séu í jafnvægi og afkoma útflutnings- og samkeppnisgreina séu viðunandi, en samkeppnisstaða iðnaðar, sjávarútvegs og annarra samkeppnisgreina hefur farið jafnt og þétt versnandi með frekari gengishækkun krónunnar. Er nú svo komið að þanþol þessara greina er að bresta.

### **Hættulegar sveiflur**

Það er gersamlega óþolandi fyrir forráðamenn og eigendur íslenskra fyrirtækja að vita aldrei hvað morgundagurinn ber í skauti sér. Hvað kostar vélin sem verið var að panta þegar hún kemur til landsins? Hvað þarf að greiða af lánum á næstu mánuðum? Hvað kostar hráefnið sem þarf til að framleiða upp í gerðan verksamning? Verður gengi dollarans 75 kr. eða 105 kr. um næstu áramót? Hvaða vit verður í áætlunum sem gerðar eru við þessar aðstæður?

### **Háir vextir í áratug**

Samtök iðnaðarins hafa um árabíl kvartað yfir háum vöxtum og óstöðugu gengi íslensku krónunnar. Það er full ástæða til, því að hvort tveggja hefur stórskaðað íslenskan iðnað. Allar götur síðan 1994 eða í hartnær heilan áratug hefur íslenskt atvinnulíf búið við mun hærri vexti en keppinautar okkar austan hafs og vestan. Stundum tvöfalda og jafnvel þrefalda. Þetta er fáheyrt og þekkjast varla hliðstæður meðal þróaðra ríkja, jafnvel þó leitað sé um víða veröld, jafnvel til Nýja-Sjálands.

### **Þjarmað að útflutningsgreinum**

Ástand efnahagsmála er að mörgu leyti undarlegt og óvissu háð. Seðlabanki Íslands heldur vöxtum enn háum með það markmið sitt að leiðarljósi að halda verðbólgu í skefjum. Háir vextir ýta undir frekari hækkun íslensku krónunnar sem aftur þjarmar að afkomu samkeppnisgreina, sem eru drifkrafturinn í efnahagslífi okkar. Framleiðslunni er rutt úr landi með sama hætti og við sjáum gerast í Noregi, þar sem háir vextir og hátt gengi norsku krónunnar eru að rústa norskan iðnað um þessar mundir.

Ísland hefur nú í nærri áratug verið hluti af innri markaði ESB á flestum sviðum. Áhrif þessa t.d. af frjálsum fjármagnsflutningum koma sífellt skýrar í ljós. Að sama skapi verður erfiðara fyrir íslenskt efnahagslíf að búa við örsmáan og óstöðugan gjaldmiðil. Vegna himinhárra vaxta hér heima hafa fyrirtækin tekið erlend lán til rekstrar og fjárfestinga. Sveiflum í gengi krónunnar fylgja síðan gifurlegar sveiflur í afkomu fyrirtækjanna. Á árunum 2000-2001 hvarf stór hluti eigin fjár margra iðnfyrirtækja en skilaði sér síðan að miklu leyti aftur á árinu 2002, þ.e.a.s. hjá þeim sem lifðu sveifluna af og brotlentur ekki.

### **Missum ekki fyrirtækin úr landi**

Mikilvægt er að menn geri sér grein fyrir því hversu mikið er hér í húfi. Hættan er sú að á byggingartíma virkjana og stóriðju verði háir vextir og hátt gengi íslensku krónunnar til þess að murka lífið úr landvinnslu á fiski, samkeppnisiðnaði og ferðapjónustu. Íslenskt atvinnulíf verður þá fábreyttara og frumstæðara eftir en áður. Við munum þá missa úr landi þá tæknivæddu framleiðslu sem hér hefur verið að þróast undanfarin ár. Það eru útflutningsfyrirtæki með starfsemi erlendis sem forða sér fyrst en það gerist ekki með neinum hávaða. Það er ekki auglýst og við tökum varla eftir þessu. Fyrirtækin okkar missa af sölu eða verða undir í útboðum. Þau hætta að framleiða og fara að flytja inn. Við tökum ekki eftir að neitt hafi gerst. Dag eftir dag er rætt um öflug útrásar- og tæknifyrirtæki okkar. Það sem vantar í frásögnina er sú staðreynd að þessi fyrirtæki eru að efla starfsemi sína erlendis og færa framleiðslu úr landi um þessar mundir. Það eru þeir bestu sem fara fyrst, þegar að krepptir.

### **Samstillingu vantar**

Það er mikill glímuskjálfti í þjóðfélaginu um þessar mundir. Framundan eru Alþingiskosningar og mestu verklegar framkvæmdir Íslandssögunnar. Í senn er vaxandi atvinnuleysi en um leið miklar væntingar um þensluskeið. Ekki má einblína á verðbólgu markmið og beita vaxta- og gengisstefnu sem kyrkir atvinnulífið. Það lofar hins vegar ekki góðu varðandi framtíðina í þessum efnum, að á sama tíma og opinberir aðilar boða stóraukin framlög til framkvæmda og flýta þeim sem mest má verða, heldur Seðlabankinn uppi stífu aðhaldi með háum vöxtum. Það vantar greinilega samstillingu í efnahagsstjórnina. Við þurfum á samstilltu átaki að halda eigi að vera nokkur von til þess að við komumst klakklaut í gegnum þá umbrotatíma sem framundan eru. Þetta verkefni ætti að vera efst á listanum yfir umræðuefni fyrir komandi Alþingiskosningar.

Þökk fyrir